

Mál nr. 52/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar a****Sönnun orsakatengsla líkamstjóns og áreksturs 11. júní 2019.****Gögn.**

Málskot, móttekið 4.2.2021.

Bréf V, dags. 25.2.2021.

Bréf M, dags. 25.2.2021.

Málsatvik.

Í málinu liggur fyrir tjónstilkynning sem gerð var af fyrirtækinu Aðstoð og öryggi (AÖ). Í tjónstilkynningunni kemur fram að um sé að ræða aðsent mál. Í atburðarlýsingu sem fulltrúi AÖ ritar kemur fram að þann 11.6.2019 hafi bifreiðinni A hafi verið bakkað úr stöðureit bifreiðastæðis við Mörkina 1 og í veg fyrir B sem ekið var eftir bifreiðastæðinu á sama tíma. Í tjónstilkynningunni kemur fram að M hafi verið ökumaður bifreiðarinnar B í umrætt sinn. Þá kemur fram að fulltrúi AÖ hafi tekið skýrslu af M í gegn um síma og skráir fulltrúi AÖ að símaframburður hafi verið tekinn þann 12.6.2019, kl. 14:29. Haft er eftir M að hann og kærasta hans hafi verið að aka eftir bifreiðastæðinu þegar bifreiðinni A var bakkað í veg fyrir bifreið þeirra með þeim afleiðingum að árekstur varð. Í skýrslunni er einnig að finna framburð ökumanns bifreiðarinnar A sem lýsir atvikum á sama veg.

Einnig liggur fyrir sjúkraskrá M þar sem finna má skráningu dags. 1.8.2019. Þar kemur fram að M hafi daginn áður (31. júlí 2019) fengið högg á hægri hendi. Þá segir að hann hafi verið í farþegasæti bifreiðar og haldið á síma í hægri hendi. Þegar bifreiðin snarhemlaði hafi hann rekið medial hluta hægri handar fast í mælaborðið svo fast að síminn sem hann hélt á brotnaði. Var hann greindur með þverbrot í basis metecarpal 5. Þann 5.8.2021 er bókað í sjúkraskrá að M hafi óskað eftir því að það verði fært til bókar að áverkar sem hann leitaði á slysavardstofu vegna þann 1.8.2021 og hann sagði að væru eftir bílslys hefðu í reynd verið eftir árás barnsmóður gagnvart sér þann 31.7.2021.

Í gögnum málsins er að finna kröfubréf M til V þar sem fram kemur að M hafi verið farþegi í bifreiðinni B þegar árekstur varð þann 31.7.2019. Þá segir jafnframt í bréfinu að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í árekstrinum. Hefur M gert kröfu um að líkamstjón sem hann varð fyrir þann 31.7.2019 verði bætt úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A. V hefur hins vegar hafnað bótaskyldu með vísan til þess að ósannað verði að teljast að líkamstjón M verði rakið til áreksturs bifreiðanna A og B þann 11.6.2019. Enn fremur vísar V til þess að í sjúkraskrá liggi fyrir staðhæfing M sjálfs um að líkamstjónið verði ekki rakið til árekstursins, heldur til líkamsárásar.

Álit.

Nokkuð misræmi er í gögnum málsins, segir m.a. í tjónstilkynningu að áreksturinn hafi orðið þann 11.6.2019 en í kröfubréfi M til V og í umboði M til lögmanns segir hins vegar að áreksturinn hafi orðið þann 31. júlí 2019. Þá kemur fram í tjónstilkynningunni að M hafi verið ökumaður bifreiðarinnar B en í kröfubréfi M til V segir hins vegar að hann hafi verið farþegi í bifreiðinni. Að teknu tilliti til þess sem fram kemur í tjónstilkynningunni, m.a. að símaframburður hafi verið tekinn af M vegna málsins þann 12.6.2019 verður að teljast ljóst að áverkar sem M varð fyrir þann 31.7.2019 verða ekki raktir til umferðarslyss sem varð einum og hálfum mánuði áður en M slasaðist. Þá liggja engin gögn fyrir sem benda til þess að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í árekstrinum þann 11.6.2019. Að teknu tilliti til framangreinds verður að teljast ósannað að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í árekstrinum sem varð þann 11.6.2019. M á þar af leiðandi ekki bótarétt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A hjá V.

Reykjavík, 16. febrúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.